

## **1. fundur fræðslunefndar v/Flúðaskóla árið 2009, haldinn 17. febrúar kl. 12:00, í Flúðaskóla.**

Mætt til fundar: Halldóra Hjörleifsdóttir formaður, Esther Guðjónsdóttir, Unnsteinn Logi Eggertsson, Jóhanna Lilja Arnardóttir skólastjóri, Margrét Larsen aðstoðarskólastjóri, Jóhannes Sigurðsson og Bára Sævaldsdóttir, fulltrúi kennara. Í stað Jóns Vilmundarsonar var mætt Berglind Bjarnadóttir. Fjóla Kjartansdóttir, fulltrúi foreldra boðaði forföll.

### **Dagskrá**

- 1. Skýrsla skólastjóra**
- 2. Skólanámskrá**
- 3. Skólastefna Hrunamannahrepps**
- 4. Húsnæðisstefna Fræðslunefndar**
- 5. Önnur mál**

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Gengið var til dagskrár.

### **1. Skýrsla skólastjóra**

Nýr skólasálfræðingur hóf störf hjá Skólaskrifstofu Suðurlands eftir áramót og þjónustar hann Flúðaskóla. Þetta er þriðji sálfræðingurinn frá haustinu 2008.

Niðurstöður út samræmdum prófum eru nú komnar. 7. bekkur er í landsmeðaltali bæði í stærðfræði og íslensku en 4. bekkur er fyrir neðan landsmeðaltal í báðum fögum.

Félagsmiðstöðin var formlega stofnun 22. janúar. Aðkoma skólans að henni er að lána húsnæði og gögn en auk þess er samvinna forstöðumanns félagsmiðstöðvarinnar og umsjónarmanns opins húss hjá okkur á fimmtudögum.

Nýr starfsmaður í mötuneyti hóf störf 29. janúar þegar Marlin fór í veikindafrí. Ólöf matráður fór einnig í veikindafrí þann 4. febrúar og Stína kokkur leysir hana af næstu 8-12 vikurnar. Í tengslum við þetta hafa starfshlutföll aðeins tekið breytingum í mötuneytinu.

Halldórmótið í skák var haldið þann 4. febrúar, 80 nemendur ó 3. -10. bekk tóku þátt. Björn Þorfinnsson, forseti Skáksambands Íslands og alþjóðlegur meistari í skák, og Jón Viktor Gunnarsson stórmeistari í skák, komi til okkar og héldu utan um mótið og er það frábært framlag frá þeim. Foreldrafélag Flúðaskóla gaf farandbikara og verðlaunapeninga fyrir þrjú efstu sætin í hvorum flokki. Stefnt er að því að halda mótið árlega.

Flúðaskóli var einn af tíu skólum á landinu sem valinn var til þátttöku í rannsókn á vegum Mennta málaráðuneytisins um stöðu lestrarkennslu á Íslandi. Markmið þessarar rannsóknar er að fá fram hugmyndir og skoðun íslenskukennara og skólastjóra um afstöðu þeirra til lestrarkennslu. Tveir kennarar og skólastjóri voru teknir í viðtöl.

Könnunin „Ungt fólk“ var lögð fyrir nemendur 5. – 10. bekkjar nú í febrúar. Þetta er könnun sem lögð hefur verið fyrir á þriggja ára fresti á vegum Rannsóknar og greiningar að beiðni Menntamálaráðuneytisins. Könnuninni er ætlað að kanna hagi og líðan ungmenna í þessum árgöngum.

Þann 11. febrúar var 112 dagurinn og af því tilefni fengum við góða gesti, þau Halldóra og Steingrím í Björgunarfélaginu Eyvindi, og fræddu þau nemendur um neyðarnúmerið 112 auk þess sem þau sögðu frástarfsemi björgunarsveitarinnar. Þá gafst nemendur tækifæri að skoða bíl björgunarfélagsins og vakti það mikla lukku.

Þorahringekjur og blót hafa verið haldin á yngsta- og miðstigi. Nemendur fræðast þá um þorann og smakka á þorramat.

Starfsdagur verður 23. febrúar. Þá verður haldið skyndihjáparnámskeið fyrir starfsfólk skólans.

Hafinn er undirbúningur að árshátíð skólans sem haldni verður 3.apríl. Þema árshátíðarinnar þetta árið er „draugar og forynjur“.

Skólinn er skráður í skólahreysti þann 6. mars n.k. Að venju taka fjórir nemendur þátt en að þessu sinni verður keppnin haldin í Reykjavík.

## **2. Skólanámskrá.**

Rætt var um námskránna og sérstaklega um skipurit skólans. Skólanámskráin samþykkt með fyrirvara um endurskoðun á skipuritinu. Fræðslunefnd beinir því til skólastjórnenda að gerð nýs skipurits verði lokið við upphaf næsta skólaárs, þegar vinna við skólanámskrá 2009-2010 hefst.

## **3. Skólastefna Hrunamannahrepps.**

Formaður lagði fram drög að skólastefnu sveitarfélagsins. Farið var yfir textann og leiðréttingar gerðar. Samþykkt að senda leiðrétt drög til hreppsnefndar, grunnskóla, leikskóla og foreldraráðs til umsagnar.

## **4. Húsnæðisstefna fræðslunefndar.**

Formaður fór yfir stöðu mála varðandi gerð húsnæðisstefnu fyrir skólann. Við gerð stefnunnar verði framtíðarsýn skólans höfð að leiðarljósi og samvinna nágrannasveitarfélaga, t.d. á sviði húsnæðismála. Rætt var um að mynda starfshóp sem fer heildstætt yfir málið og í þeim hópi verði fenginn fulltrúi úr Skeiða- og Gnúpverjahrepp. Starfshópurinn, sem í verða fulltrúar fræðslunefndar, foreldra og Skeiða- og Gnúpverjahrepps skili tillögum til fræðslunefndar.

## **5. Önnur mál.**

### **a) Skólaráð**

Reglugerð frá menntamálaráðuneytinu um skólaráð liggur fyrir. Samþykkt að hefja vinnu við stofnun ráðsins sem fyrst og að ráðið verði sameiginlegt fyrir bæði leikskóla og grunnskóla.

### **b) Bréf frá Guðmundir húsverði**

Lagt fram bréf frá Guðmundi, dags. 7. janúar 2009, þar sem farið var yfir brýnustu vandamál sem snúa að viðhaldi og gerð skólahúsnæðisins. Fræðslunefnd tekur undir ábendingar húsvarðar. Samþykkt að senda bréfið til hreppsnefndar.

### **c) Skipulag næsta árs.**

Skólastjóri ræddi hugmyndir um skipulag bekkja fyrir næsta skólaár miðað við væntanlega fjölda nemenda.

### **d) Skólaakstur úr norðurbænum**

Rætt var um skólaakstur úr Norðurbænum. Ljóst er að ekki er hægt að hætta skólaakstri á þessu svæði þar sem ekki hafa verið gerðar úrbætur í öryggismálum gangandi vegfarenda. Fræðslunefnd samþykkir að skora á Vegagerð ríkisins að úrbætur verði gerðar tafarlaust á umræddri leið til að auka öryggi gangandi vegfarenda. Með því að hætta skólaakstri frá Norðurbænum er leitast við að uppfylla kröfur Lýðheilsustöðvar um aukna hreyfingu. Auk þess næst fram sparnaður við skólaakstur á vegum sveitarfélagsins.

Fundargerðin lesin yfir og samþykkt.

Fleira var ekki gert fundi slitið kl. 13.30